

Verklagsreglur fyrir leikskóladeildir Þingeyjarskóla

Innritun:

1. Leikskólinn starfar samkvæmt skólastefnu Þingeyjarsveitar og eftir lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerðum nr. 655/2009 og 584/2010.
2. Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er lögheimili í Þingeyjarsveit. Ef sótt er um vistun barns frá öðru sveitarfélagi þarf foreldri að framvísa skriflegri yfirlýsingu lögheimilissveitarfélags um að það ábyrgist greiðslu fyrir barnið. Sýna þarf fram á brýna þörf fyrir vistun barns ef taka skal á móti því í skammtí mavistun, t.d. vegna tímabundinnar atvinnu foreldra í Þingeyjarsveit.
3. Heimilt er að sækja um leikskólavist hvenær sem er eftir fæðingu barns. Aldurstakmark barna sem tekin eru inn í leikskólann er við 9 mánaða aldur.
4. Hægt er að sækja um forgang fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja með umsókn um forgang. Ef forgangur er samþykktur fer viðkomandi barn fram fyrir önnur börn sem bíða eftir leikskólavist. Hægt er að sækja um forgang vegna eftirtalinnna aðstæðna:
 - a. Fötluð börn, börn með alvarleg þroskafrávik og/eða seinkaðan þroska.
 - b. Börn sem að mati sérfræðinga hafa sérstaka þörf fyrir leikskóladvöl.
 - c. Börn af erlendu bergi brotin og/eða tvítyngd börn.
 - d. Börn í elsta árgangi leikskólans.
 - e. Börn einstæðra foreldra.
5. Innritun barna fer að jafnaði fram á tímabilinu ágúst – september. Mögulegt er þó að taka inn börn á öðrum tímum árs ef aðstæður leyfa.
6. Umsóknareyðublöð um leikskóladvöl má finna á heimasíðum leikskólanna.

Gjaldskrá og vistunartími:

7. Gjaldskrá leikskóla er endurskoðuð árlega og tekur sveitarstjórn ákvörðun um breytingar á henni. Breytingar á gjaldskrá taka gildi 1. janúar ár hvert. Upplýsingar um gjaldskrá og fæðisgjöld má finna á heimasíðu sveitarfélagsins.
8. Dvalargjöld eru greidd eftir á og er eindagi 20. næsta mánaðar. Þannig er t.d. eindagi dvalargjalda fyrir apríl þann 20. maí.
9. Vistunartími er seldur út í heilum og hálfum tímum með möguleika á stundarfjórðungs viðbót í byrjun eða lok dags. Leikskólinn er opinn frá kl. 07:45 til 16:15 mánudaga til föstudaga. Aldrei er greitt fyrir minni vistun en 16 tíma á viku og mælst er til þess að sá tími nái yfir samliggjandi daga.
10. Ef óskað er eftir breytingu á vistunartíma barna skal sótt um það skriflega, með mánaðar fyrirvara hjá skólastjóra eða deildarstjóra sem þá reyna að koma til móts við þarfir foreldra og barna. Hægt er að óska eftir breytingu á vistunartíma allt að 3 sinnum á ári.
11. Foreldrum er skylt að virða þann tíma sem barninu er úthlutað. Barn á ekki að vera komið í umsjón starfsfólks fyrr en vistunartími þess hefst og skal vera komið úr umsjón starfsfólks þegar vistunartíma þess lýkur. Við komu skal barni fylgt til starfsfólks og það látið vita þegar barnið er sótt. Foreldrum ber að tilkynna ef barnið er fjarverandi, t.d. vegna veikinda eða af öðrum ástæðum. Ef foreldrar þurfa af einhverjum ástæðum að koma fyrr með barnið eða sjá fram á að þeir geti ekki sótt það á tilsettum tíma skulu þeir hafa samband við leikskólann sem gerir þá viðeigandi ráðstafanir í samráði við foreldra.

12. Ef aðrir en foreldrar/forráðamenn og þeir sem eru skráðir sem tengiliðir á neyðarkortum, munu sækja barn í leikskólann skulu foreldrar láta starfsfólk vita. Starfsfólki er óheimilt að afhenda barn í hendur aðila sem er yngri en 12 ára.
13. Leikskólinn er lokaður í 5 vikur vegna sumarleyfa.
14. Leikskólinn er lokaður á skipulagsdögum leikskólans sem eru að lágmarki þrjú á hverju starfsári en fjöldi þeirra hverju sinni kemur fram á skóladagatali. Á skipulagsdögum er starfið undirbúið og endurmetið eða starfsfólk sækir námskeið.
15. Leikskólinn er lokaður á Þorláksmessu, aðfangadag og virka daga milli jóla og nýárs, þar með talið gamlárstag.
16. Lokun vegna veðurs. Ef Þingeyjarskóla er aflýst vegna veðurs þurfa deildarstjórar og skólustjóri að hafa samráð sín á milli um hvort skólustarf skuli einnig falla niður í leikskólunum. Miða skal við aðstæður hvorrar leikskóladeildar fyrir sig.
17. Uppsögn. Segja skal upp leikskóladvöl skriflega. Uppsagnarfrestur er tveir mánuðir og miðast við 1. og/eða 15. hvers mánaðar.

Annað:

18. Starfsfólk leikskóla Þingeyjarsveitar er bundið þagnarskyldu. Þagnarskyldan helst þó látið sé af störfum hjá Þingeyjarsveit. Undantekning á þagnarskyldu er þó samkvæmt fjórða kafla, 17. greinar Barnaverndarlaga. Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu starfsstétta.
19. Börn eru slysatryggð í leikskólanum
20. Leikskólar Þingeyjarsveitar, ásamt útivistarsvæðum og bílastæðum, eru reyklaus vinnustaður.
21. Komi upp ágreiningur um framkvæmd þessara verklagsreglna eða annarra mála, er hægt að vísa málum til fræðslunefndar.

Samþykktar í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar